

# Skipulagning símenntunar fyrir sjónskert fólk í samfélagi fyrir alla

## Leiðbeiningar fyrir skipulagningu fullorðinsfræðslu sem gerir ráð fyrir þátttöku sjónskerts fólks

---

Leiðbeiningar fyrir kennara og leiðbeinendur

Námshópar með einum eða fleirum einstaklingum með sjónskerðingar

Eftirfarandi 10 ábendingar eiga að auðvelda sjónskertu fólki að taka þátt í almennum námskeiðum í fullorðinsfræðslu. Áhersla er á að skapa betri grundvöll fyrir kennara í almennri fullorðinsfræðslu til að aðlaga námskeið þannig að sjónskertu fólki verði kleyft að sækja fjölbreytta símenntun.

Leiðbeiningar þessar beinast að kennurum sem ekki hafa sérstaka þjálfun eða menntun til kennslu sjónskerts fólks. Þær eru ætlaðar sem fyrsta hjálp og uppspretta hugmynda.

### Tíu ráð

#### 1

Þátttakendur sem hafa sjónskerðingu eru fyrst og fremst þátttakendur eins og hverjir aðrir og það á að vera sjálfsagt mál að koma þannig fram við þá. Hér eftir verður talað um þá sem þátttakendur.

#### 2

Sjónskerðingar eru með mismunandi móti. Áður en námskeiðið hefst, eða svo fljótt sem unnt er þarft þú að fá upplýsingar frá þátttakandanum um hvað þurfi að taka til sérstakrar athugunar og hverjar þarfir hans eru. Skapaðu tækifæri til samræðna fyrirfram og hikaðu ekki við að spyrja spurninga.

#### 3

Til að auka öryggi þátttakandans ætti kennarinn að gefa honum upplýsingar um aðstæður, s.s. inngang, stiga upp eða niður, innréttingar, dyr, snyrtingar og hugsanlega fleiri þætti svo sem lýsingu.

#### 4

Að allir þátttakendur kynni sig skiptir máli í öllu námi, en er sérstaklega mikilvægt þegar í hópnum er sjónskertur þátttakandi.

Þátttakandinn þekkir oft fólk á röddinni og áttar sig á hvar í kennslurýminu aðrir þátttakendur eru.

#### 5

Þú getur áfram notað myndræna framsetningu gagna í kennslunni, en þú þarft markvisst að lýsa eins skýrt og hægt er hvað er sýnt í framsetningunni.

Þú getur e.t.v. haft glærur og myndræn gögn í samræmi við alþjóðlega staðla þannig að þátttakandinn geti nýtt sér raddlestur texta og myndlýsinga (Voice over tools)

#### 6

Hvenær sem hægt er skaltu senda gögn næstu kennslustundar til þátttakanda fyrirfram. Spurðu þátttakanda um á hvaða formi honum hentar að fá gögnin.

## 7

Í námi sem krefst hreyfingar þátttakenda er mikilvægt að gefa skír munnleg fyrirmæli, nota stefnumiðuð fyrirmæli eins og hægri – vinstri, upp – niður, fram – aftur í stað hingað eða þangað. Í sumum tilfellum getur líka verið þörf á persónulegri leiðsögu.

## 8

Varðandi allar hagnýtar leiðbeiningar t.d. varðandi leiðsöguhund skaltu tala beint við þátttakandann.

## 9

Kynntu þér grundvallarreglur um blindraleiðsögu. [Hér eru leiðbeiningar á Íslensku](http://midstod.is/library/Files/Frodleikur/Baeklingar-og-kynningarefni/SJO%2056273%20Leidsogutaekni%20A5%20HQ.pdf) <http://midstod.is/library/Files/Frodleikur/Baeklingar-og-kynningarefni/SJO%2056273%20Leidsogutaekni%20A5%20HQ.pdf> .

## 10

Ekki breyta máli þínu. Þú mátt halda áfram að segja“ sjáið hér“ eða „sjáumst“.

Aldrei tala í þriðju persónu.

## Frekari upplýsingar

Þú getur haft samband við [Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra](http://midstod.is/forsida/) <http://midstod.is/forsida/>, [Blindrafélagið](http://www.blind.is/) <http://www.blind.is/> eða [Hljóðókasafnið](https://hbs.is/) <https://hbs.is/> til frekari sérfræðiaðstoðar vegna sjónskerðingar þátttakenda.